

SÉRVINNSLULEYFI

til handa Jarðefnaiðnaði hf.

Iðnaðarráðherra veitir hér með Jarðefnaiðnaði hf., kt. 510877-0209, hér eftir nefndur leyfishafi, sérvinnsluleyfi í samræmi við 12. gr. námulaga nr. 24, 17. apríl 1973 til vinnslu jarðefna sem nánar eru tilgreind í 1. gr. þessa leyfis, á svæðum sem tilgreind eru í 2. gr. og á því tímabili sem nefnt er í 3. gr. Sérvinnsluleyfið, hér eftir nefnt leyfi, er veitt með þeim skilyrðum sem sett eru í námulögum um sérleyfi svo og með þeim skilyrðum sem hér eru tilgreind í leyfi þessu.

1. gr.

Leyfið tekur til vinnslu vikurs.

2. gr.

Leyfið tekur til svæðis sem er utan eignarlanda á Landmannaafretti vestan Heklu og á takmörkuðu svæði austan Búrfells í Gnúpverjahreppi og vestan Þjórsár. Svæði þessi eru sýnd á meðfylgjandi kortum sem teljast hluti leyfisins.

3. gr.

Leyfið gildir frá 1. júlí 1998 til 1. júlí 2018. Ráðuneytinu er heimilt að fella leyfi þetta úr gildi ef vinnsla stöðvast samfellt í þrjú ár.

4. gr.

Fyrir árslok 1999 skal leyfishafi hafa lokið mati á umhverfisáhrifum vikurnáms á námusvæðinu, sbr. lög nr. 63/1993. Leyfishafa ber að taka fullt tillit til niðurstaðna matsins og úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins. Ráðuneytinu er heimilt að fella leyfi þetta úr gildi, án sérstaks fyrirvara, uppfylli leyfishafi ekki tímasetningu umhverfismats eða úrskurði skipulagsstjóra ríkisins varðandi matið.

5. gr.

Vinnsla námusvæða og frágangur þeirra skal í einu og öllu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um vinnslu og nýtingu vikurs, nr. 514/1995, með þeim frávikum sem nauðsynleg eru vegna sérstakra aðstæðna á svæðinu og iðnaðarráðuneytið samþykkir.

Áhersla er lögð á eftirfarandi varðandi vinnslu og frágang:

1. Fyrir árslok 1999 verði lokið endurvinnslu vikurs á því svæði, sem við útgáfu þessa leyfis kann að vera ólokið. Gera skal áætlun um endurvinnsluna sem eftirlitsaðili samþykkir.
2. Leyfishafi skal leggja fram áætlun fyrir vinnsluna þrjú ár hverju sinni, fyrst fyrir 30. júní 1998. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega.

Handwritten signatures and initials:
 - A large signature on the left, possibly "BZF".
 - A signature on the right, possibly "J.K.".
 - A signature below it, possibly "A.K.".
 - A small number "1" is written near the bottom right.

3. Leyfishafi skal gera uppdrætti af vinnslusvæðinu miðað við vinnslustöðuna 30. júní 1998, og síðan árlega og skulu þeir fylgja áætluninni, sbr. 2. tölul..
4. Allar áætlanir skv. framangreindu skal leggja fyrir eftirlitsaðila til samþykktar.

6. gr.

Iðnaðarráðherra getur á hverjum tíma ákveðið að tiltekna vinnsluaðferðir eða vinnslutæki megi ekki nota á ákveðnum tíma eða að vinnsla sé ekki heimil á ákveðnum tímum á nánar afmörkuðum svæðum.

Leyfishafi skal gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja að vinnslan skapi ekki einstaklingum hættu eða valdi tjóni á eignum annarra. Ennfremur skal leyfishafi gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hættu á mengun og/eða umhverfisspjöllum vegna vinnslunnar, hvort sem er á landslagi eða lífríki innan og utan námusvæðisins.

Ef iðnaðarráðherra telur, að undangenginni rannsókn, að vinnslan feli í sér óásættanlega hættu fyrir einstaklinga eða fyrir eignir þeirra eða á mengun eða öðrum umhverfisspjöllum getur hann fyrirskipað leyfishafanum að bæta úr því ástandi innan ákveðins frests og bæta hugsanlegan skaða. Iðnaðarráðherra getur einnig, ef hann telur þess þörf, fyrirskipað leyfishafa að stöðva vinnslu sína að hluta eða öllu leyti, þar til hann hefur bætt úr hættuástandinu.

7. gr.

Iðnaðarráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd vinnslunnar samkvæmt leyfi þessu. Ráðuneytið mun fela Orkustofnun eftirlitið af sinni hálfu. Ráðuneytið, og eftirlitsaðili í umboði þess, getur hvenær sem er krafist nánari upplýsinga um athafnir leyfishafa í tengslum við vinnsluna.

Eftirlitsaðili hefur rétt til að fylgjast með vinnslunni í alla staði og fá allar upplýsingar sem viðkoma henni. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að öllum þáttum þeirrar starfsemi sem vinnsluna varðar.

Verði eftirlitsaðili var við brot á þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfsemi leyfishafa getur hann gefið þau fyrirmæli sem nauðsynleg eru í því sambandi. Ef brotið er alvarlegt getur hann lagt til við iðnaðarráðuneytið tímabundna stöðvun starfseminnar eða hluta hennar.

8. gr.

Efnistökgjald miðast við rúmmetra vikurs. Magntölur skulu miðast við útflutningsskýrslur leyfishafa og bókhald hans vegna eigin nota og sölu innanlands. Til ríkissjóðs skal leyfishafi greiða efnistökgjald að jafnvirði 0,93 þýskra marka á rúmmetra fyrir árið 1998, það skal hækka í 1,08 þýsk mörk fyrir árið 1999 og í 1,23 þýsk mörk fyrir árið 2000. Gjaldið skal miðast við skráð kaupgengi þýskrs marks hjá Seðlabanka Íslands síðasta dag hvers ársfjórðungslegs vinnslutímabils. Magntölur skulu staðfestar af löggiltum endurskoðanda leyfishafa.

AP
Bef
2

Efnistökgjaldið skal greitt ársfjórðungslega 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs þannig:

30. apríl skal greitt fyrir efnistöku	1. janúar - 31. mars
30. júlí skal greitt fyrir efnistöku	1. apríl - 30. júní
30. október skal greitt fyrir efnistöku	1. júlí - 30. september
30. janúar skal greitt fyrir efnistöku	1. október - 31. desember.

Efnistökgjald til ríkissjóðs greiðist hjá ríkisféhirði, Sölvhóls götu 7, Reykjavík.

Sé efnistökgjaldið ekki greitt á tilskildum tíma eða sett fyrir því trygging sem ríkisféhirðir metur gilda, getur iðnaðarráðuneytið stöðvað frekari vikurvinnslu eða afturkallað leyfið ef um ítrekaðar eða miklar vanefndir er að ræða. Sé efnistökgjaldið ekki greitt á gjalddaga, ber leyfishafa að greiða dráttarvexti af skuld sinni frá viðkomandi gjalddaga til greiðsludags.

9. gr.

Um greiðslu leyfishafa á opinberum gjöldum fer samkvæmt ákvæðum almennra laga sem í gildi eru á hverjum tíma.

10. gr.

Til tryggingar á vanefndum á einhverjum ákvæðum leyfis þessa, lögum og reglugerðum sem það byggir á eða vegna skaðabótaábyrgðar sinnar skal leyfishafi við móttöku leyfis þessa afhenda ríkisféhirði til varðveislu tryggingarbréf að upphæð kr. 7.500.000 sem hann metur gilt. Tryggingarbréfið skal endurnýjað á fimm ára fresti og skal tryggingarupphæðin taka breytingum í samræmi við byggingarvísitölu.

11. gr.

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli þessa leyfis í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins.

12. gr.

Leyfi þetta verður ekki framselt án leyfis iðnaðarráðherra og aðför verður ekki gerð að því.

13. gr.

Iðnaðarráðherra getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á.

14. gr.

Leyfishafi skal láta viðkomandi sveitarstjórnir vita af framkvæmdum sínum að svo miklu leyti sem þýðingu getur haft fyrir íbúa þeirra.

Handwritten signatures and initials: *MP*, *BS*, *PA*, *AK*, *BE*

15. gr.

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi til starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í námulögum eða öðrum lögum sem starfsemi hans fellur undir.

16. gr.

Samhliða leyfi þessu er staðfest sameiginleg bókun iðnaðarráðherra og Jarðefnaiðnaðar hf. um greiðslur Jarðefnaiðnaðar hf. til Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands; um sérstakt fimm ára vöruþróunarverkefni Jarðefnaiðnaðar hf. og þriðja aðila; um aukið eftirlit með vinnslunni og eflingu rannsókna og þróunar afurða úr íslenskum jarðefnum.

17. gr.

Leyfi þetta er gefið út á íslensku. Þýðingar á því á önnur tungumál hafa ekkert sjálfstætt gildi.

Reykjavík 30. apríl 1998.




Finnur Ingólfsson /




Sveinn Þorgrímsson

f.h. Jarðefnaiðnaðar hf.



Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Þóroddur Halldórsson
Bjarni Lárusson
Hermann Hinamón.



AP
S. S.
H. E.
H. E.

Bókun
með sérvinnsluleyfi til handa Jarðefnaiðnaði hf. dags. 1998.


Iðnaðarráðherra og Jarðefnaiðnaður hf., staðfesta sameiginlega eftirfarandi bókun:

1. Í samræmi við samkomulag milli ríkisins, Iðnþróunarsjóðs Suðurlands (nú Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands) og Jarðefnaiðnaðar hf., dags. 27. febrúar 1984, skal Jarðefnaiðnaður hf. á gildistíma leyfis þessa greiða 0,37 þýskra marka til Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands af hverjum rúmmetra vikurs sem unnin er samkvæmt leyfinu. Um greiðslur þessar fer skv. 8. gr. leyfisins og skulu greiðslurnar inntar af hendi á skrifstofu Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands á Selfossi. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands skal hafa samráð við iðnaðarráðuneytið um ráðstöfun þessa fjár með því að upplýsa ráðuneytið reglulega um þá ráðstöfun.
2. Með það að markmiði að auka virðisauka vikurvinnslunnar mun Jarðefnaiðnaður hf. á næstu fimm árum verja að lágmarki einni milljón króna á ári að núvirði, eða að lágmarki fimm milljónum króna samtals, í rannsóknir, þróun og fjárfestingar vegna nýrra afurða úr vikri og skal minnst helmingi þeirrar upphæðar varið til að greiða kostnað þriðju aðila sem að verkefnum koma. Leyfishafi skal árlega, fyrst 1. janúar 1999, gera iðnaðarráðuneytinu grein fyrir áætlunum sínum og árangri af þessu rannsókn- og þróunarstarfi.
3. Af því efnistökgjaldi sem rennur til ríkissjóðs mun iðnaðarráðherra beita sér fyrir því að á árinu 1998 verði 0,08 þýskum mörkum á rúmmetra og síðan 0,13 þýskum mörkum af hverjum rúmmetra sem unnin er skv. leyfinu varið til að standa undir auknum kostnaði vegna eftirlits með vinnslunni. Á sama hátt mun iðnaðarráðherra beita sér fyrir að til þróunar byggingarvöru úr íslenskum jarðefnum, verði af sama tekjustofni varið 0,10 þýskum mörkum á rúmmetra árið 1999 og síðan 0,25 þýskum mörkum af hverjum rúmmetra sem unnin er.
4. Vanefndir á bókun þessari jafngilda vanefndum á leyfinu sjálfu og getur iðnaðarráðherra afturkallað leyfið sé ákvæðum bókunarinnar ekki fylgt.



Finnur Ingólfsson
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra.




F.h. Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, vegna 1. töluliðar.




F.h.
Jarðefnaiðnaðar hf.






takerfi: LANDSKERFID
 þakerfi:
 vörpun: KEILUVÖRPUN
 samnafi: 95172HL


VERKFRÆÐISTOFA SUÐURLANDS
 AUSTURVEGI 3-5, 800 SELFOSSI, Sími 482 2900, FAX 482 2914
 Samþykkt:

Verk: JARÐEFNAIÐNAÐUR HF.					Mkv: 1:2000
NÁMUR Á HAFI VIÐ BÜRFELL					Mkv:
UPPMÆLING Á NÁMUM					Mkv:
Hannað: BA					Teikn.nr:
Teiknað: BA		Yfirforið:		Dags: 29.04.98	Verknr: 95172

Handwritten signature



585394,27 400957,50
584159,15 400177,88

Vinnslusvæði
Jörðefnaðnaðar hf er
skástríkið

586083,74 400762,78
585915,56 400537,22

